

Mál nr. 215/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/sjúkdómatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna veikinda í febrúar 2008 og febrúar 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 16.06. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.06. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M veiktist sbr. fyrirliggjandi gögn, ágreiningur er um hvort skilyrði greiðsluskyldu séu fyrir hendi.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann styður umfjöllun sína m.a. við fyrirliggjandi læknisvottorð.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins einkum nefnt bréf, dags. 30.06. 2009.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Miðað við gögnin uppfyllir M ekki þau þrjú hlutrænu skilyrði bótaskyldu sem krafist er samkvæmt vátryggingarskilmálum sjúkdómatryggingar þ.e. sem tilgreind eru í ákvæðum 4.1.1, 4.1.2 og 4.1.3. Að fenginni afstöðu vátryggingafélagsins þurfa öll skilyrði nefndra ákvæða að vera uppfyllt svo sannað teljist að vátryggingaratburður hafi orðið. Fyrirliggjandi læknisvottorð breytir ekki ofanrituðu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.